

SENDIÐ EFTIR
Okeypis Premíuskrá
Yfir VERÐMÆTTA MUNKI
ROYAL CROWN SOAPS, Ltd.
664 Main St. Winnipeg

Heimskringla.

ROYAL CROWN SOAP

XXXIII. AR.

WINNIPEG, MANITOBA, MIÐVÍKUDAGINN 16. JÚLÍ 1919

NUMER 42

Almennar frjettir.

Stórskipið "Crampian", eign Allan Linunnar, rakst á sjaka þann 9. þ. m. út undan Race höfða með fram strönd Newfoundland. Laskaðist skipið töluvert við árekskurinn, tveir menn biðu bana og tveir meiddust. Komst skipið við illan leik inn til St. John hafnar og er þar nú í viðgerð. Um 750 farþegar voru um borð þegar slys þetta kom fyrir.

Vilhjálmur Stefánsson norður-fari hefir nýlega verið sæmdur heiðurs-medalíu af landfræðingafélaginu í París. Medalía þessi er í heiðurskyni fyrir landkönnunarstórf hans á norðurlöðum á árunum frá 1913 til 1918. Þetta er sjötta gullmedalían, sem Vilhjálmur veitist — sú fyrsta frá Evrópu.

Wilson forseti lagði friðarsamningana og stofnkrá alþjóðabandalagsins fyrir efri deild þingsins í Washington á fimtudaginn þann 10. þ. m. Mælti hann öfluglega með alþjóðabandalaginu, kvað slíkt samband þjóðanna óumflýjanlegt til viðhalds varanlegum alheimsfriðis. Sömu leiðis skýrði hann all-ítarlega frá ýmsum atriðum um friðarsamninganna og lýsti hinum margvíslegu örðugleikum er friðarþingið hefði átt við að etja. — Talið er uglaust að friðarsamningarnir ná staðfestingu Bandaríkjanna þingsins við nægilega mikinn meirihluta.

Flugbáknir mikla, sem sagt var frá í síðasta blaðið, lagði af stað heimleiðis þann 9. þ. m. eftir 86 klukkustunda dval hérna megin hafins. Heimferðin gekk slyslaus og fenti skipið við loftskipastöðina í Pulham á Englandi á sunnudagsmorguninn var. Var nú að stórum mun fljóttari í ferðum en áður, þar sem það komst yfir hafði á tæpum 75 klukkustundum — fór fyrstu 800 mílurnar á 8 klukkustundum. Sökum þess illa byrs, er því gæst áður, var það rúmar 108 kl. st. á leiðinni yfir haf — og virðist sem fyrirliðum fararinnar hafi þótt það ærið langur tími. Tilgangur Bretanna með loftsiglingum þessum yfir Atlantshafið er vafalaust að komast eftir gildi slíkra loftskipa (super-Zeppelins) til flutninga langar leiðir. Og þar sem fyrstu tilraunir hafa hepnast jafn vel, er líklegt að fleiri skip af þessu tagi verði smíðuð og viðhöfð til flutninga á sjó og landi.

Henry Ford, bifreiðaverkstæðagandi og milljónamæringur í Bandaríkjunum, ráðgerir hækkun daglauna starfsmanna á verkstæðum sínum frá \$6.00 upp í \$7.00, þetta í annað sinn hann hækkar laun verkafólks síns á þessu ári.

Manitobastjórnin hefir skipað H. A. Robson dómara formann nefndar þeirrar, sem rannsaka á orsakir og tildrög verkfallsins nýafstaðna hér í Winnipeg. Nefndin byrjar starf sitt um miðja þessa viku.

Málsrannsókn, sem hafin var í Minnesota ríkis, gegn A. C. Townley, forseta Non-partisan flokksins, og Jonah Gilbert aðstoðarmanns hans, lauk þannig, að þeir fundust seki um að hafa úthreft kenningar er stóðla að óþegnhollustu og brjóta í þag við lög ríkisins. Dómi verður frestað í málinu þangað til 15. sept. næstkomandi. Talið er sjálfsagt

að reynt verði að vísa því til æðri réttar.

Gull hefir fundist í Schreiberhéraði í Ontario fylki í all-stórum stíl og er talið uglaust að farið verði að vinna það í nálægri framtíð. Segja fréttirnar nægilega mikið gull þar í jörðu til að borga alla ríkisskuld Canada.

Ársþing hinna sameinuðu íðfélaga í Canada verður haldið í Hamilton, Ont., 22. sept næstkomandi. Mörg áriðandi og þýðingarmikil mál verkamanna verða þá tekin til umræðu. Eitthvert stærsta mál, sem þingið um fjallar, verður þó "Eina stóra sambandið" (One big union), sem öfaga- og æsingaleiðtogar hafa hrint af stokkum. Samband það er nokkurskonar gerbylting innan verkamannahreyfingarinnar, þar öll fyrri félagskipun er talin ónóg og ófullkomin og viðteknar fyrri reglur fótum troðnar. Forgöngumenn þeirrar nýju hreyfingar auglýska því flokki svænsustu gerbyltingamanna.

Sökum rigninga í seinni tíð eru uppkæruhorfur nú í Alberta og Saskatchewan fylkjum að stórum mun betri. All-viða hafa stöðugir þurkar þó náð að gera töluvert tjón, sérstaklega í Suður-Alberta og suður- og miðparti Saskatchewan fylkis. En þar sem regn hefir nú svo víða fengist er þó búist við all-góðri meðal-uppskeru yfir heila tekið.

Hátiðarhaldið í tilefni af friðarsamningunum á að bera bráðar að hér í Winnipeg, en gert var ráð fyrir í fyrstu. Verður hátiðisdagur þessi haldinn þann 19. þ. m. eða á laugardaginn kemur. Enginn kostnaður verður sparaður að hátiðin megi verða sem allra velgust og kappsamlegur undirbúningur á sér nú stað. Sambandsstjórnin hefir tiltekið dag þenna almennan helgidag um alt landið.

Nefndin, sem kosin var af Hon. Arthur Meighen til þess að athuga hvaða aðferðir myndu heppilegastar að koma á fót moskus-uxa hjörðum á norðurlöðum, hefir þegar haldið marga fundi og starfað með kappi og áhuga. Eins og kunnugt er lagði Vilhjálmur Stefánsson þær tillögur fyrir meðlimi beggja deilda sambandsþingsins, að moskus-uxahjörðum væri komið á fót á norðursvæðum til eflingar kjöts- og ullarframleiðslu landsins. Mælti hann sterklega með þessu og leiddu tillögur hans til þess að ofangreind nefnd var kosin og er hann meðlimur hennar. Skýrsla nefndarinnar verður birt áður langt um liður og er talið líklegt að hún mæli með að komið verði á fót tilraunastöð á Melville eyju. Þar verða moskus-údyrin alin og tamin og svo síðar flutt hingað til meginlandsins. Spor verða einnig stigin í þá átt að koma upp hreindýrahjörðum, sem einnig þrífast ágætlega á hinum köldu norðursvæðum.

Maður að nafni Christian Led- en, landkönnunarmaður og mannfræðingur, sigldi nýlega frá New York ásamt fjórum félögum, og er ferð þeirra heitið til norðurheimskautsvæða. Hafa þeir með ferðis fírefimyndir og áhöld öll, sem til slíks þarf og er markmiðið með þessu, að vekja eftirtekt Eski-

Þýzka þingið staðfestir friðarskilmálana.

Friðarsamningarnir voru staðfestir af Þjóðþinginu þýzka þann 9. þ. m. við all-mikinn atkvæðamun — 208 atkvæði með en 115 gegn. Tilkygning um þetta var tafarlaust send til friðarþingsins með þráðskætti, og skjóluð svo hraðað þangað eins fljótt og auðgildi var. Hafði það líka þau tillögð á áhrif, að verzlunarbanninu, sem svo mjög hefir þrengt að Þjóðverjum, var sagt slitið og Þýzkalandi um leið leyft frjálst samband við umheiminn. — Talið er líklegt að verzlunarbannið gegn Rússlandi verði einnig afnumið, þar sem því nær ókleyft er að halda því við eftir að hindranir gegn Þýzkalandi eru úr sögunni.

Prátt fyrir það þótt þýzka stjórnin hafi svo hraðað staðfestingu friðarsamninganna, er engum vafa undirorpið að megn óhugur ríkir hjá stórum þorra helztu manna þýzku þjóðarinnar gagnvart skilmálum þeim, sem Þýzkalandi hafa verið settir. Hefir þetta komið meira og minna í ljós í þýzku blöðnum og ekki ólíklegt að það hafi þau áhrif að ljá uppreistarhug gegn stjórnninni byr undir báða vængi. Uppreistarmenn Þýzkalands eru nú öllum káfnir engu síður en á sér stað í öðrum löndum, og geta komið miklu illu til leiðar. En fái Þjóðverjar viðhaldið góðri stjórn í landi sínu og lögum og reglu, munu ekki mörg ár líða áður en þeir ná að rétta við aftur.

England, Bandaríkin og önnur lönd eru nú í undirbúningi að hefja verzlun við Þýzkaland að nýju. Sagt er að Þjóðverjar muni feginnsamlega leyfa óhindraðan innflutning í landið á skóm og fatavæni, en aftur á móti takmarka innflutning á matvörum eftir þörfum alþjóðarinnar.

Þegar verzlunarbannið var í aðsigi hafði það þær afleiðingar á Þýzkalandi, að færa niður á við verð á flestum nauðsynjavörum frá 30 til 60%.

Úr Austurvegi.

Margvíslegar fréttir berast úr höfuðstað landsins þessa dagana, sem benda til að alt sé þar furðu "líflegt" þrátt fyrir þinghlé og fjarveru svo margra helztu stjórnmálsmanna. Stórir og þýðingarmiklir viðburðir eru þar líka í aðsigi, sem stuðlað geta til að hleypa ölgu í "mannanna blóð". Liberalar haldra "þjóðþing" mikið í nálægri framtíð, sem vafalaust má telja merkan og sögulegan viðburð. Myndun nýs stjórnnarráðuneytis er væntanleg undir eins og Sir Robert Borden kemur heim aftur, eftir að hafa hvílt sig um tíma. Ráðstefnur margar eiga að haldast, sem fjalla eiga um ýms áriðandi og alvarleg mállefni: iðnaðarmálaráðstefna, tollnefndaráðstefna og ótal fleiri. — Alt eru þetta merkir viðburðir, sem vekja hljóða áhuga mikinn og umtal.

Getgátum mörgum er hreyft í sambandi við myndun hins nýja ráðuneytis. Þar sem talið er líklegt að sumir af meðlimum núverandi ráðuneytis muni biðja um lausn, veldur heilabrotum miklum hverjir muni koma í stað þeirra. Sir Thomas White fjármálaráðgjafi, hefir þegar sagt af sér, þó uppsögn hans hafi ekki verið tekin gild að svo komnu. Á stjórnni þar hinum færaasta manni á bak að sjá og verður sæti hans ekki auðskipað. Einnig benda líkur til að Hon. F. B. Carvell ráðgjafi opinbera verka, muni segja af sér, þó ekki sé það fullvist ennþá. Og litlum vafa virðist undirorpið, að Sir George Foster verzlunarmálaráðgjafi, muni ná gripa tækifærið og biðjast lausnar, eftir langa og dyggilega þjónustu í þágu ríkisins. Sá orðrómur hefir líka flogið, hvort sannur er eða ekki, að Hon. C. J. Doherty dómarmálaráðgjafi og Hon. Martin Burrell ríkisritari muni báðir biðja um lausn. — Alt eru þetta hinir hæfustu menn og miklum vanda bundið að velja eftirmenn þeirra.

Mörg önnur verkefni liggja fyrir og ýmsar þýðingarmiklar ráðstafanir munu verða að gerast í mörgum málum. Skipa verður hið nýja verzlunarráð, sem samþykkt hefir verið að myndað verði, samkvæmt meðmælum og tillögum dyrtíðarnefndarinnar. Á það að hafa umsjón með verzlunarmálum landsins, koma í veg fyrir óréttlát auðmannasamtök og halda vöruverði öllu innan sanngjarnra og hæfilegra takmarka. Meðlimir þess verða þrír, kosnir til 10 ára og mega engin önnur störf hafa á höndum — verða að gefa sig alla við að sjá hálþýðunum borgleið gegn græðgi og prettvísi alþjóðfélagsins. Verzlunar stjórnnar nefnd þessi verður skipuð á svipum grundvelli og samkyns stjórnnarnefnd Bandaríkjanna, sem svo mikinn dugnað oft hefir sýnt að draga fyrir lög og dóm þá verzlanaeigendur, sem haft hafa ýmsa prettvísi í framtíð til að geta grætt sem mest fé og réttnefndar "blóðsugur" verið á þjóðlíkamunum.

Íslendingadagurinn

A almennum fundi, sem haldinn var í Good-Templara húsinu á föstudagskvöldið s. l. var samþykkt að Íslendingadagurinn skyldi haldinn í River Park þann 5. ágúst. Var þessi breyting á dögum nauðsynleg sökum þess að enginn hentugur staður var fannlegur til hátiðarhaldsins þann 2. ágúst — hinn áður ákveðna dag. Nefndin, sem stendur fyrir hátiðarhaldinu að þessu sinni, hefir átt við marga og mikla örðugleika að stríða — stærsti örðugleikinn var verkfallið mikla, sem gerði nefndina magnþrota til allra starfa í fullar sex vikur; en nú hefir alllagast sem betur fer, og nefndin gert sitt ýtrasta til að bæta upp fyrir liðinn tíma, — og þó undirbúningstíminn sé stuttur, má fullyrða, að hátiðarhaldið að þessu sinni, eftir því sem nú horfir, verður engu síður en hin besta að undanförnu.

Íþróttir verða með allra fjölbreyttasta móti — og keppa 3 íþróttafélög að þessu sinni. Má því vænta að kapp verði all-mikla og knálega sóttir leikirnir. — Ræður verða að eins fjórar. — Að sitja undir mörgum og löngum ræðum er þreytandi um heitan sumardag. En að hlýða á reglulega mælskugarpa, er af eldmóði mælsku sinnar flytja fagnaðarboðskap nýrri og bjartari tíma, eða

minnast ættlandsins kera — ætti öllum að vera unun.

Munið eftir því að Íslendingadagurinn verður 5. ágúst — og hafist það hugfast, að "Íslendingar viljum vér allir vera" — og fjölmennið daginn þann.

f. h. nefndarinnar,
Gunnl. Tr. Jónsson
ritari.

Eftirtektarverð já tvin.

Ágímráll von Tirpitz, æðsti sjóliðsforingi Þjóðverja er stríðið skali á, hefir nýlega gefið út bók um stríðið og tildrög þess. Tjáir hann sig þar með öllu saklausan af að hafa átt nokkurn þátt í orsök um ófriðarins og skellir sökinni allri á Bethmann-Hollweg, þáverandi ríkiskanslara. Segir hann hafa spilað djarft, þar sem hann hafi orðið var við hinn mikla óhug bandabjóðanna á stríði, og haldið hann hefði alt í hendi sér. Alas — honum stórkostlega fyrir alt skjóndilega ham hafi sagt Rússum og Frökkum stríð á hendur.

Þá eftirtektarverðu játningu gerir von Tirpitz á einum stað í bókinni, að tillaga Sir Edward Grey í lok júlímánaðar hafi verið í þeim tilgangi að aftra stríði. Virðist þar af leiðandi þeirrar skoðunar, að Bretar hafi ekki viljað stríð og engan þátt átt í tildrögum þess. Er þetta spánný afstaða frá hálfu þýzkra hervaldsinnna.

Óheillagimsteinn.

Fyrir skönnu vildi það slys til í Washington í Bandaríkjunum, að 10 ára gamall drengur varð undir bifreið og beið bana af. Hann var sonur McLean, ritstjóra "Washington Post", sem ervellaugdurur maður, og hafði látið marga menn hafa stóðugar gætur á drengnum frá blautu barnsbeini, bæði til þess að gæta hans fyrir þjófum og varna honum við slysum.

Ensk blóð, sem geta um þetta slysa, segja frá því, að í eigu forældra drengsins sé hinn svonefndi Hope-damant, en þau álög eiga að fylgja honum, að eigendur hans verði jafnan fyrir einhverjum voða-slysum.

Steinn þessi er blár litur og hið mesta metfé. Segir sagan að honum hafi verið stolið af skurðgöð í hinduamusteri einhvern tíma á 17. öld, en 1688 barst hann hingað til álfunnar með Tavernier, frægum ferðamanni frá Belgíu. Hann seldi Lúðvík 14. steinninn og Maria Antoinette eignaðist hann nokkru áður en hún var af lífi tekin. Hollendingurinn Vilhjálmur Fals eignaðist hann og fægði. Sonur hans stal steinninn og fyrirfór sér, en gamli maðurinn komst á vonarvöl. F. Beaulien eignaðist hann á tímum stjórnbýltingarinnar frá frönsku og dó úr hungri. Síðan var steinninn stolið og vissi enginn hvað um hann varð lengi. En um 180 keypti enskur auðmaður hann, sem Hope hét, og hefir steinninn síðan verið við hann kendum. Árið 1901 var steinninn seldur.

Colot hét kaupandinn og seldi hann steinninn rússneskum prins, en varð síðan vitskurtur og fyrirfór sér.

Prinsinn lánaði frægri leikkonu steinninn, en skaut hana sama kvöld á leiksviðið og var myrtur tveim dögum síðar.

Næsti eigandi var Grikki. Hann féll fyrir björg og beið bana af. Þá komst hann í eigu Abdul Hamids fyrrum Tyrkjasoldána. Ein af hjákonum hans hafði steinninn á brjóstinu þegar Ung-Tyrkir gerðu uppreisnina og þá réð soldán henni bana.

Úr því komst steinninn til Bandaríkjanna og þar keypti McLean hann og gaf konu sinni, sem nú hefir orðið fyrir harmi þeim, sem fyr er frá sagt.

(Vísir.)

Frá Rússlandi.

Bandamanna herför þangað.

Norski máláflutningsmaðurinn Michael Puntervold, sem verið hefir í Rússlandi í vetur, hefir skrifað qokkrar greinar í "Tidens Tegn" um ástandið og horfurnar þar. Skulum vér hér birta kafla úr einni þeirri grein, sem er um það efni, hvort bandamenn muni fara með her manns til Rússlands og hvernig Rússar mundu snúast við slíkra heimsókn.

"Munu bandamenn fara með her á hendur Rússum í vor? Þetta er hin þýðingarmesta hernaðarpólitísk spurning nú sem stendur. "Það getur verið, en ekki er það sérlegt," sagði Lenin við mig á na um daginn, er eg lagði þessa spurningu fyrir hann. Og það er enginn efi á því, að Lenine hefir rétt að mæla. Framkoma bandamanna sýnir það ljóst, að þeir eru ýmist ósammála eða vita ekkert hvað þeir eiga að gera.

Bandamenn hafa nú lokað Rússland inni og mánuðum saman hafa menn ekki vitað um neitt, sem gerðist þar. Jafnvel sendiherrasveit Vorovskis í Stokkhólmi vissi tæplega hvað var að gerast í Rússlandi. Og þegar svo fer um hið græna tréð, hvernig mun þá fara um hið vísna? Bandamenn hafa fengið allar upplýsingar sínar hjá rússneskum flóttamönnum. Frásagnir útflytjenda hafa jafnan nokkurt sögulegt gildi sem lýsing á því, er gerst hefir. En reynsla flóttamanna, sem vita vini sína og nánustu settingja tekna af lífi, er lítt til þess fallin að gefa þeim það jafnaðargeð og hlutlausu dómgreind, sem þarf til þess að hægt sé að ráða í, hvað næst muni gerast. Og bandamenn mundu tæplega gera sinni eigin menningu eða heimsmenningunni neinn greiða með því að fara með her á hendur hinri rússnesku verkamannastjórnn, sem nú situr að völdum.

A ferðalagi mínu um Rússland hefi eg eftir mætti reynt að komast eftir því, hvernig móttöðumenn Bolshevikja litu á bandamannaherferð til Rússlands. Og eg tók eftir því þegar í stað, að valdhafarnir í Rússlandi reyndu eitgi á neinn hátt, hvorki beinlínis né óbeinlínis, né heldur með njónum um mig, að koma í veg fyrir að eg fengi þær upplýsingar, sem eg gat aflað mér. Og það er sannfæring mín, að fari bandamenn með her á hendur Rússum á þessu ári, þá muni allir flokkar á Rússlandi rísa öndverðir til varnar. Að einum undanskildum voru allir þeir stjórnmálamenn Rússa, sem eg talaði við, sammála um það — án tillits til flokkaskiftingar innan lands — að bandamannaherferð til Rússlands mundi vera það versta, sem fyrir gæti komið, og til einkis annars en þess, að efla hið svartasta afturhald og stjórnsleysi.

Þessi eini maður var gamall trudowik-foringi. En hann var svo sem ekki ginkeyptur fyrir því að bandamenn kæmu með her til Rússlands. Hann spurði mig: "Hvert er álit yðar? Þér hafið lesið önnur blöð en þau, sem Bolshevikar gefa út. Haldið þér að bandamenn muni fara herför hingað?" Eg svaraði honum því, að eg hefði litla trú á því, en gæti búist við að bandamenn héldu öppi hafnbanninu nokkra hríð enn. "Þá segi eg yður satt", mælti hann "að við erum dauðir úr hungri innan hálfars." Hann átti heima í Petrograd. Og þar svelta menn orðsins fylsta skilningi.

Það verður að vísu ekki út (Fransh á 3 bls.)